

**Ed.**

## 142. Breytingartillögur

[7. mál]

við frv. til laga um sameiningu sveitarfélaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Félagsmálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga vinna að því að koma á sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga í eitt sveitarfélag, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Félagsmálaráðuneytið annast framkvæmd laga þessara í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Það skal athuga skilyrði fyrir sameiningu einstakra sveitarfélaga og afla upplýsinga, eftir því sem unnt er, um allt það, sem máli skiptir í sambandi við sameiningu sveitarfélaga, og að öðru leyti aðstoða samstarfsnefndir og sveitarstjórnir við störf þeirra í þessu efni.
3. Við 3. gr.
  - a) 2. mgr. hljóði svo:  
Samstarfsnefndir skulu haga störfum sínum í samráði við félagsmálaráðuneytið.
  - b) 3. mgr. falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður. Greinatala breytist samkv. því.
5. Við 5. gr.
  - a) Í stað orðanna „sveitarstjórn heimilt“ í 1. málslíð 2. mgr. komi: sveitarstjórn skylt.
  - b) 3. málslíður 2. mgr. (Erindreka er og heimilt o. s. frv.) falli niður.
  - c) Orðin „í samráði við erindreka“ í 4. málslíð 2. mgr. falli niður.
  - d) Orðin „annaðhvort með eða án atkvæðagreiðslu“ í 3. mgr. falli niður.
  - e) Í stað orðsins „erindreka“ í 4. mgr. komi: félagsmálaráðuneytinu.
6. Við 6. gr.
  - a) Í stað orðsins „erindreka“ á tveim stöðum í 1. mgr. komi: félagsmálaráðuneytinu.
  - b) 2. málsg. falli niður.
7. Við 13. gr. 1. málsg. orðist svo:  
Ráðherra er heimilt að sameina hrepp nágrennasveitarfélagi, ef fyrir liggur samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar og íbúatala hreppsins hefur síðastliðin þrjú ár verið lægri en 50.
8. Við 14. gr. Greinin orðist svo:  
Kostnaður við störf samstarfsnefnda greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum í réttu hlutfalli við íbúatölu.